

Nd.

173. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Flm.: Ásgeir Ásgeirsson, Sveinbjörn Högnason.

1. gr.

Í Vestur-Ísafjarðarprófastsdæmi skulu vera þessi prestaköll:

1. Rafnseyri: Rafnseyrar- og Álftamýrarsóknir.
2. Sandar: Sanda- og Hraunssóknir.
3. Dýrafjarðarþing: Mýra-, Núps- og Sæbólssóknir.
4. Holt í Önundarfirði: Holts- og Kirkjubólssóknir.
5. Staður í Súgandafirði: Staðarsókn í Súgandafirði.

2. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numinn XIII. tölul. 1. gr. laga nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eina breytingin, sem í frv. þessu felst, er sú, að Dýrafjarðarþing í Vestur-Ísafjarðarprófastsdæmi verði endurreist. Síðan lögin frá 1907 um skipun prestakalla voru sett hefir m. a. orðið sú breyting á í þessu prestakalli, að þar hefir risið upp héraðsskólinn á Núpi, og munu flestir sammála um, að það eitt sé ærin ástæða til að endurreisa prestakallið. Auk þess er það eindregin ósk sóknarbarna og kirkjuráðs, að svo verði gert. Nauðsyn þess er jöfn, hvort sem litið er á málið frá sjónarmiði uppeldis- eða kirkjumála.